

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 250/1976 um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. 3. tl. 2. mgr. orðist svo:

Ráðherra er heimilt að breyta aukefnalistanum að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit ríkisins, eiturefnanefnd og Manneldisráð Íslands.

2. gr.

Seinni hluti aukefnalista XII. flokkur 2 (ýmsar drykkjarvörur) breytist sem hér segir:

	Matvæli	Aukefnaflokkur Náttúrleg	Gervi	Ákvæði um hámark og athugasemdir
XII. 2		SÆTUEFNI	Sakkarín Sakkaröt	Aðeins í gosdrykki 125 mg/kg. Óheimilt að blanda saman við cyklamat. Skal koma fram á flösku að um sakkarínsættun sé að ræða og magn. Hámarksstærð íláta skal vera 0.30 l. Sé sykri blandað saman við skal ennfremur standa: „Ekki ætlað sykursjúkum“. Sé svo ekki skal standa: „Ætlað sykursjúkum“.
			Cyklamat: a)	Aðeins í gosdrykki 200 mg/kg. Óheimilt að blanda saman við sakkarín. Skal koma fram á flösku að um cyklamatsættun sé að ræða og magn. Hámarksstærð íláta skal vera 0.30 l. Ennfremur skal standa „Ekki ætlað sykursjúkum“.
			Cyklamat: b)	Aðeins í gosdrykki 1600 mg/kg. Óheimilt að blanda saman við sakkarín og sykur. Hámarksstærð íláta skal vera 0.30 l. Skal koma fram á flösku að um cyklamatsættun sé að ræða og magn. Ennfremur skal standa: „Ætlað sykursjúkum“.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í lögum nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og lögum nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi þegar við birtingu.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 681 30. desember 1980.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1981.

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.
B 58